

92

AUGLÝSING

10. nóv.

um, að Ísland hafi staðfest sáttmálann um stofnun hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða (UNRRA).

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis, hinn 19. október 1943, staðfesti Ísland hinn 9. nóvember 1943 sáttmálann um stofnun hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða (UNRRA).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 10. nóvember 1945.

Ólafur Thors.

93

AUGLÝSING

10. nóv.

um, að Ísland hafi staðfest bráðabirgðasamkomulag um alþjóðaflug, er gert var á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago í nóvember og desember 1944.

Hinn 21. marz 1945 staðfesti Ísland bráðabirgðasamkomulag um alþjóðaflug (Interim Agreement on International Civil Aviation), er gert var á alþjóðaflugmálaráðstefnu þeirri, sem haldin var í Chicago í Bandaríkjunum í nóvember og desember 1944.

Tilkynning um þátttöku Íslands í samkomulagi þessu var skrásett hjá utanríkisráðuneyti Bankaríkjanna hinn 4. júní 1945.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 10. nóvember 1945.

Ólafur Thors.

94

AUGLÝSING

10. nóv.

um, að Ísland hafi staðfest alþjóðasamkomulag um viðkomuréttindi flugfara og alþjóðasamkomulag um loftflutninga, er gert var á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago í nóvember og desember 1944.

Hinn 4. apríl 1945 staðfesti Ísland eftirtalda 2 samninga, er gerðir voru á alþjóðaflugmálaráðstefnu þeirri, sem haldin var í Chicago í Bandaríkjunum í nóvember og desember 1944:

1. Alþjóðasamkomulag um viðkomuréttindi flugfara (International Air Service Agreement).
2. Alþjóðasamkomulag um loftflutninga (International Air Transport Agreement).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 10. nóvember 1945.

Ólafur Thors.